

# LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL · 107 REYKJAVÍK · S: 91-29899 og 19200 · NNR. 5978—8922.



Stofnað 1949

3. fundur stjórnar L.H. haldinn í Bændahöllinni 16. janúar kl. 16:00.

Mætt: Kári, Guðm., Kristbjörg, Skúli, Gunnar, Sigfús, Kristmundur, Ingimar, einnig Hjalti Pálsson. Sigbjörn og Elísabet sátu einnig fundinn.

1. Álit skipulagsnefndar. Formaður kynnti vinnu nefndarinnar, en hún hefur þegar skilað áliti. Megin niðurstaða er sú, að framkvæmdastjórн verði sú sama fyrir L.H. og H.I.S. Þá greindi formaður frá ýmsum öðrum atriðum á álinu.

Varðandi samvinnu við B.Í. Formaður ræddi þetta. Fundur var haldinn 10. janúar um þessi mál, en samkomulag varð ekki. Kári taldi að stuðla beri að því að áhrif L.H. héldust. Hafði komið fram ákveðin tillaga til málamiðlunar sem hann kynnti fyrir stjórnarmönnum. Skúli greindi frá viðræðum, sem hann hafði átt við Halldór Gunnarsson um þessi mál. Skúli taldi kröfu um 2 menn sanngjarna í kynbótanefnd. Tekið var undir orð Skúla um þetta efni.

Kári kynnti einnig hugmyndir um fagráð hrossaræktar.

Fundarmenn ræddu einnig um sérstöðu hrossaræktar innan búfjárræktarinnar. Verði annar samráðsfundur munu Skúli og Guðmundur fara til þess fundar með formanni.

Að síðustu var rætt um samvinnu innan landshluta og ýmsar hugmyndir sem uppi eru um það. Næsti fundur nefndarinnar verður 26.1.

2. Sigfús Guðmundsson greindi frá störfum stórmótanefndar. Haldnir hafa verið 2 fundir. Sigfús ræddi nokkrar hugmyndir sem barna hafa komið fram. Niðurstaða er að landsmót verði þriðja hvert ár og öll félög eigi kost á að standa að landsmótum, en að öðru leyti yrði skipulagið sem mest óbreytt. Nefndin taldi æskilegast að landsmotsstaðir yrðu 2, en Sigfús taldi að hugsanlega gætu annmarkar verið á því. Þá vill nefndin að landsmót verði ákveðin 12 ár fram í tímann. Það skal tekið fram að þessar niðurstöður eru ekki endanlegar. Fundarmenn ræddu um þessi mál og spurðu Sigfús um ýmislegt varðandi starf nefndarinnar. Þá ræddu stjórnarmenn um að kynna þessi mál. Sigfús taldi ekki tímabært að kynna þessi mál meðan þau væru á vinnslustigi. Síðan verður kynnt afangaskýrsla þegar hún verður tilbúin í febrúar.

3. Álit nefndar um hrossabéit. Formaður kynnti málið og las fundargerð um þessi mál. Kári ræddi svo nokkuð innihald fundargerðarinnar og ýmislegt fleira. Skúli ræddi um ýmislegt og taldi að þetta væri málaflokkur sem nauðsynlegt væri að sinna.
4. Reiðskólinn h.f. Formaður kynnti þetta og er meiningin að koma af stað hlutafélagi til að reka reiðskóla svipaðan þeim, sem rekinn var í Reiðhöllinni. Helstu aðilar eru L.H., F.T., Félag hrossabænda, H.I.S. og nokkur félög á Reykjavíkursvæðinu. Rætt hefur verið um leigu á Reiðhöllinni í þessu skyni og eru viðræður í gangi um þetta. Rætt hefur verið við fjárveitinganefnd. Hvað varðar Reiðhöllina hafa menntamálaráðuneytið og landbúnaðarráðuneytið ákveðið að skipa nefnd til að reyna að finna lausn á málinu.

Fundur verður með eigendum Reiðhallarinnar í þessari viku. Hlutur L.H. í Reiðskólanum er fyrirhugaður 35.000 kr.

Kristbjörg gat um hugmyndir um reiðkennslu fyrir blinda og hafði hún komið því á framfæri við borgina, hvort ekki væri vettvangur fyrir þetta í Reiðhöllinni.

Elísabet spurði um kennsluréttindi kennara. Formaður svaraði að menntamálaráðuneytið gerði þá kröfu, að ef reiðkennsla væri fyrir nemendur á grunnskólastigi yrði kennarinn að hafa almenn kennararéttindi.

Kristmundur spurði um virðisaukaskatt af reiðkennslu og mun hann vera innheimtur af henni.

Formaður bar fram tillögu um 35.000 kr. hlutafjárframlag í Reiðskóla. Samþykkt með 7 atkvæðum.

5. Málefni Hestsins okkar. 4 umsóknir hafa borist um ritstjórástarfið. Kynnti formaður þessar umsóknir. Umsækjendur eru: Björg Eva Erlendsdóttir, Lárus Már Björnsson, Þórir Siggeirsson og Jens Einarsson. Þá hafði Þráinn Bertelsson gert munnlega fyrirspurn um starfið til formanns og ræddi formaður það nokkuð.

Blaðið er nú rekið með halla í fyrsta skipti í mörg ár. Einnig las formaður fundargerð síðasta fundar ritnefndar. Niðurstaða ritnefndar er, að ástæða sé til að ræða frekar hugmyndir Þráins.

Hjalti ræddi um pessi mál með Þráinn í huga og hugsanlegt rekstrarform.

Þá ræddi Kári þetta enn frekar. Fundarmenn ræddu þetta allmikið og töldu þeir æskilegt að fá nánari útfærslur frá Þráni um reksturinn. Skúli kom með þá hugmynd, að ritnefndin ræddi við Þráinn til að byrja með. Ákveðið var að ritnefndin ræddi við Þráinn og stjórnarmenn væru látnir fylgjast með framgangi málsins.

6. Skógræktarátak. Þetta var á stefnuskránni s.l. summar, en af því varð lítt eða ekki. Á þessu ári verður almennt skógræktarátak og varpaði formaður fram hugmynd um að taka þátt í því. Var þetta rætt all mikið. Umsjónarmaður Skógræktarátaks hefur þegar haft samband við L.H. um málið, og er ætlunin að ræða frekar við hann.
7. Lögð fram drög frá Jóni Levi Tryggvasyni um aðskilnað bíla- og hestaumferðar. Hefur hann verið starfandi í nefnd um þetta efni og las formaður drög að breytingu á vegalögum sem Jón hefur fengið Guðmund G. Þórarinsson alþm. til að flytja. Voru þetta þrjú frumvörp í allt. Fundarmenn dvöldu einkum við s.n. hóffjaðragjald til fjármögnunar á veglagningu. Hóffjaðragjaldið fór illa í stjórnarmenn.
8. Bréf frá Dómarafélaginu um að skipa nefnd til að semja um þóknun til dómara. Skúli flutti inngang að málínu og taldi hann þetta fram komið m.a. vegna þess að dómarafélagið hafi sótt um fulla aðild að L.H., en ekki fengið og í annan stað væru greiðslur farnar að tíðkast, en væru mjög á reiki. Skúli hafði setið fund dómara, þar sem pessi mál voru rædd. Umræður spunnust um störf og skyldur dómara. Gunnar B. Gunnarsson og Ingimar Ingimarsson voru valdir í nefndina.
9. Formaður las bréf frá hestaeigendafélaginu Skugga í Borgarnesi. Þar kemur fram að 27 félagar sætta sig ekki við að nafn félagsins sé notað á nýtt hestamannafélag án þess að hestaeigendafélagið sé lagt niður. Stjórnarmenn ræddu málið og reyndu Skúli og Sigbjörn að skýra aðstæður.
10. Gunnar ræddi um fjármagn í Skógarhóla, sem hann hafði ráðstafað og framkvæmt fyrir. Hafði Gunnar séð um framkvæmdir. Síðan hafði gefið sig fram maður og lagt fram reikninga yfir framkvæmdir við leiðina í Skógarhóla. Gunnar taldi það skýrt af sinni hálfu að viðkomandi hefði verið gerð grein fyrir því að fénu væri þegar ráðstafað, áður en þeir gengu í verkið. Þá minntist Gunnar á svipað mál austur á landi. Óskaði hann eftir áliti stjórnar.

Formaður taldi að félög og framkvæmdaraðilar verði að hafa trygga úthlutun áður en ráðist er í framkvæmdir og þýðir ekki að koma með reikninga eftir á.  
Sækja verður um allar fjárveitingar.

Fundi slitið kl. 20:15

Kári Arnórsson

Guðm. Jónsson

Kristbjörg Eyvindsdóttir

Sigfús Guðmundsson

Elísabet Þórólfssdóttir

Skúli Ögm. Kristjónsson.

Sigbjörn Björnsson

Gunnar B. Gunnarsson.

Ingimar Ingimarsson.